

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 18. apríl 2024, klukkan 16:30 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Ársreikningur Tjörneshrepps 2023 – seinni umræða.
Ársreikningur Tjörneshrepps fyrir árið 2023 samþykktur samhljóða.
2. Samvinnusamningur Norðurþings, Langanesbyggðar, Akureyrarbæjar og Tjörneshrepps vegna barnaverndar – seinni umræða.
Hreppsnefnd samþykkir samninginn.
3. Erindi frá Sandhólum.
Samningur um skipti á jörðunum Sandhólum og Syðri-Sandhólum í Tjörneshreppi, um landið sem liggur vestan þjóðvegjar númer 85 sem sker jarðinar en austan þjóðvegjar er úthagi og heimahagi. Samningur þessi gildi einungis um landið fyrir vestan þjóðveg.
Hreppsnefnd staðfestir samninginn milli landeiganda Sandhóla og Syðri-Sandhóla.
Sveinn vék af fundi við afgreiðslu málsins.
4. Erindi frá Félagsþjónustu Norðurþings.
Félagsþjónusta Norðurþings hefur til skoðunar að gera samstarfssamning við Aflið-samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi um þjónustu sem Aflið mun veita, þjónustu sem Aflið mun þá veita einstaklingum og hópum í aðildarsveitarfélögum, á Húsavík.
Hreppsnefnd Tjörneshrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að skiptingu styrksins samkvæmt íbúafjölda.
5. Beiðni um styrk frá Bjarmahlíðar.
Beiðið er um styrk til rekstrar Bjarmahlíðar þjónustumiðstöðvar í tilefni af 5 ára starfsafmæli samtakanna.
Hreppsnefnd Tjörneshrepps mun ekki styðja verkefnið að svo stöddu.
6. Erindi frá BSSÞ.
Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga ætlar sér að reisa kornþurrkunarstöð við Húsavík. Leitað er eftir aðilum til að fjármagna verkefnið á einhvern hátt. Óskað er eftir þátttöku Tjörneshrepps að gera þetta verkefni að veruleika með framlagi upp á fimm milljónir króna. Framlagið getur verið í formi hlutfjár, víkjandi láns eða þeirri útfærslu sem Tjörneshreppur er sáttur við.
Hreppsnefnd Tjörneshrepps samþykkir að leggja til 3.000.000 króna í hlutfé.

Fleira ekki gert, fundi slitið 17:40.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Jón Gunnarsson
Smári Kárasón